



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto:gudrunm@myv.is)

## **Atvinnumálanefnd. 3. fundur**

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 13. apríl kl: 15:00.

Mættir : Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Leifur Hallgrímsson og Halldór Árnason.

### **Dagskrá:**

**1. Fundarsetning.**

Formaður setti fund.

**2. Umsögn um Landbótaáætlun fyrir Austurafrétt 2011 – 2015.**

Atvinnumálanefnd leggur til að breyta í lið 2.2.Beitarstjórnun A. lengja tímunn úr 80 dögum í **90 daga**,

Breyta í lið 2.2.B., fara í skoðunarferð **25. maí** í stað 1. júní,

Þegar endanlegur samningur er tilbúinn, kalla þá afréttanotendur á fund.

**3. Uppbygging á Sniðlareitnum.**

Kostnaðaráætlun hefur borist frá Trésmiðjunni Rein í hús reist á Sniðlareitnum, þetta er stálgrindahús klætt með yleiningum.

Kostnaðaráætlunin er upp á tæpar 13. milljónir, og er án milliveggja, rafmagns og hita.

Atvinnumálanefnd telur þetta góðan kost og mjög þarfan og hvetur til þess að farið verði í framkvæmdir. Jafnframt verði auglýst eftir leigjendum.

**4. Bréf frá Iðnaðarráðuneytinu, v/söluandvirðis Kísiliðjunnar hf.**

Fram kemur í bréfinu að óráðstafað er 90 m.kr. af því fjármagni sem sett var til atvinnuuppbyggingar á Mývatnssvæðinu, í framhaldi af lokun Kísiliðjunnar hf.

Atvinnumálanefnd leggur til að haldinn verði fundur með Helgu Valfells framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sveitarstjórn og atvinnumálanefnd til að útskýra úthlutunarskilyrðin þannig að koma megi þessum fjármunum til atvinnuuppbyggingar.

**5. Viðhald á húsnæði Reykjahlíðarskóla.**

Skólastjóri óskaði eftir liðsinni Atvinnumálanefndar um þetta mál. Flísar á snyrtingum farnar að losna. Nefndin leggur til að Sæmundur Sigurðsson verði fenginn til að meta stöðuna.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.

Böðvar Pétursson  
Sólveig E. Hinriksdóttir  
Ingibjörg Björnsdóttir  
Leifur Hallgrímsson  
Halldór Árnason